

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti
b.t. skrifstofu nýsköpunar, rannsókna og stafrænna mála
sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 28. apríl 2026

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um stefnu um opin og ábyrg vísindi

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“ eftir atvikum) hafa tekið til umsagnar stefnu um opin og ábyrg vísindi, mál s-67/2026, birt í Samráðsgátt þann 31. mars sl.

Það er mikilvægt hagsmunamál fyrir íslenskt samfélag og atvinnulíf að hér sé rekin öflug vísindastarfsemi sem byggir á gæðum, gagnsæi og skilvirkum rannsóknainnvíðum. Kerfisbundin miðlun þekkingar er undirstaða þess að vísindastarf skili sér í aukinni nýsköpun og verðmætasköpun.

SI telja að markmið stefnunnar um eflingu rannsókna- og nýsköpunarumhverfis náist aðeins ef fyrirtæki búa við stöðugt og fyrirsjáanlegt starfsumhverfi. Óvissa í framkvæmd skattfrádráttar vegna rannsókna og þróunar og miklar tafir á afgreiðslu umsókna er hindrun í fjárfestingum í nýsköpun hér á landi eins og sakir standa. Mikilvægt er að stjórnvöld tryggji skýra framkvæmd, traust og samfellu í stuðningskerfi rannsókna og þróunar og nýsköpunar.

SI leggja áherslu á að við innleiðingu stefnunnar verði hugað sérstaklega að eftirfarandi þáttum.

Vernd hugverka og viðskiptahagsmuna

Fyrirtæki í tækni- og hugverkaiðnaði byggja samkeppnishæfni sína á sérhæfðri þekkingu, gögnum og flóknum tæknilausnum. Þessi verðmæti eru grundvöllur fjárfestinga og vaxtar. SI leggur ríka áherslu á að stefna um opin vísindi raski ekki vernd hugverkaréttinda, viðskiptaleyndarmála eða annarra trúnaðarupplýsinga.

Að mati SI er nauðsynlegt að skýra betur orðalagið í stefnunni um að þekking sem verður til í opinberlega fjármögnuðu vísindastarfi sé „sameiginleg auðlind“ og skuli vera „aðgengileg öllum“. Opinber fjármögnun tryggir ekki sjálfkrafa ótakmarkað aðgengi að öllum gögnum, niðurstöðum og aðferðum, sér í lagi í samstarfi háskóla, annarra opinberra aðila og fyrirtækja. Þar ber að gæta að hugverkaréttindum, viðskiptaleyndarmálum, persónuvernd og öryggissjónarmiðum.

Brýnt er að stefnan hvíli á þeirri alþjóðlegu meginreglu að gögn og niðurstöður séu „eins opin og hægt er, en eins lokuð og nauðsynlegt er“ (e. „as open as possible, as closed as necessary“). Tryggja verður að fyrirtæki sem eiga í samstarfi við háskóla eða njóta opinbers stuðnings séu ekki neydd til að birta gögn sem skaðað geta samkeppnisstöðu þeirra eða möguleika á verndun hugverka síðar meir.

Persónuvernd og gagnanýting

SI leggja áherslu á að framkvæmd stefnunnar taki mið af gildandi persónuverndarlöggjöf án þess að ganga lengra en nauðsynlegt er. Mikilvægt er að tryggja að reglur um meðferð persónuupplýsinga styðji rannsóknir og nýsköpun, en hamli ekki með óþarfa íþyngjandi kröfum.

Bent er á að 89. gr. persónuverndarreglugerðarinnar (GDPR) og 18. gr. laga nr. 90/2018 veita þegar mikilvægt svigrúm fyrir vinnslu persónuupplýsinga í vísindarannsóknum, að uppfylltum viðeigandi

verndarráðstöfunum. SI telja því mikilvægt að forðast svokallaða „gullhúðun“ við innleiðingu reglna, þannig að íslenskt rannsóknarumhverfi verði ekki óþarflega íþyngjandi í alþjóðlegum samanburði.

Frestun birtingar og einkaleyfishæfi

Nauðsynlegt er að stefnan kveði skýrt á um heimild til að fresta birtingu rannsóknarniðurstaðna þegar um er að ræða einkaleyfishæfar uppfinningar eða trúnaðarskyldur gagnvart samstarfsaðilum. Slíkt svigrúm er forsenda þess að nýsköpunarfyrirtæki sjái sér fært að taka þátt í opinberum rannsóknaverkefnum og samstarfi við háskóla, án þess að tefla hagsmunum sínum í tvísýnu.

Aðgengi atvinnulífs að opinberum gögnum

SI telja mikilvægt að fyrirtæki fái greiðara aðgengi að verðmætum gagnasöfnum hins opinbera, svo sem þeim sem verða til við vöktun, rekstur innviða og almenna stjórnsýslu. Slík gögn geta verið undirstaða gagnadrifinnar nýsköpunar og gegna lykilhlutverki við þróun framsækinnna lausna á sviði gervigreindar, heilbrigðis-, mennta-, stjórnsýslu og umhverfismála.

Skýr samningsumgjörð um samstarf

Umgjörð um opin og ábyrg vísindi má ekki leiða til aukinnar stjórnsýslubyrði eða óvissu í samstarfi háskóla og atvinnulífs. SI telja nauðsynlegt að til staðar séu skýrar leiðbeiningar og staðlaðar samningsforsendur um eignarhald á niðurstöðum, meðferð gagna og nýtingarrétt í samstarfsverkefnum. Slíkur fyrirsjáanleiki er forsenda þess að háskólasamfélagið og iðnaðurinn geti í sameiningu tekist á við stórar áskoranir samtímans.

Jafnframt leggja SI ríka áherslu á að fulltrúar atvinnulífsins verði formlega tilnefndir til þátttöku í mótun og innleiðingu stefnunnar, til dæmis í samráðshópum eða stýrihópum. Slík aðkoma er lykilforsenda þess að tryggja að stefnan verði raunhæf í framkvæmd og styðji við þarfir nýsköpunardrífins atvinnulífs.

Mannauður og hæfni til framtíðar

SI leggja áherslu á að skýra þurfi betur hvernig stefnan styður uppbyggingu mannauðs í samspili við atvinnulífið. Þó réttilega sé lögð áhersla á menntun og símenntun vantar skýrari útfærslu á því hvernig mæta eigi þörfum vinnumarkaðar.

SI telja mikilvægt að komið verði á reglubundnu samráði við atvinnulíf um hæfniþarfir og að fyrirtæki taki virkari þátt í mótun náms og rannsóknaverkefna. Jafnframt þarf að setja fram skýrari aðgerðir til að laða að og halda í alþjóðlegt sérfræðifólk. Að mati SI er lykilatriði að mannauðsstefnan verði útfærð með skýrum markmiðum og að atvinnulífið verði virkur þátttakandi í mótun og eftirfylgni hennar.


Lokaorð

SI styðja framlagða stefnu en leggja áherslu á að framkvæmd hennar verði skýr, einföld og fjármögnuð, og í samræmi við þarfir nýsköpunardrífins atvinnulífs. Opin vísindi eiga að vera tæki til að efla samstarf og hraða hagnýtingu þekkingar, án þess að þeim viðskiptalegu hagsmunum sem nýsköpun hvílir á sé fórnað.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins



viðskiptastjóri tækni- og hugverkaiðnaðar hjá SI



Hulda Birna Kjærnested Baldursdóttir
Sérfræðingur í mennta- og mannauðsmálum
hjá SI